

Borgarráð 25. ágúst 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fyrrverandi slökkviliðsmenn sem veikjast af starfstengdum sjúkdómi – MSS22080170

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig haldið er utan um fyrrverandi slökkviliðsmenn sem glíma við sjúkdóma sem eru afleiðing af starfi þeirra. Er það rétt að reynslumiklum slökkviliðsmönnum hjá SHS séu boðnir starfslokasamningar en ekki hlutastarf eins og væri hægt að gera? Óskað er jafnframt upplýsinga um hvort slökkviliðið og Reykjavíkurborg styðji fyrrverandi slökkviliðsmenn sem veikst hafa af starfstengdum sjúkdómi fjárhagslega t.d. með styrkjum vegna lyfjakostnaðar Reykjavíkurborg og sveitarfélögin í kring reka slökkvilið, vinnustað sem telja má að sé einn sá áhættumesti bæði hvað varðar líf og heilsu slökkviliðsmannanna. Sterk tengsl eru samkvæmt rannsóknum á milli sjúkdóma eins og öndunarfærasjúkdóma og krabbameins við störf í slökkviliðinu. Sum eiturefni taka tíma að mynda meinvörp. Einkenni koma kannski seint í ljós. Slökkvilið víða hafa þess vegna verið að breyta vinnuferlum hjá sér m.a. til að sporna við að slökkviliðsmenn dvelji með mengandi efnum. Íslenskir slökkviliðsmenn eru þar ekki undanskildir. Flokkur fólksins hefur upplýsingar um að hjá Slökkviliði Reykjavíkur er reyndum starfsmönnum boðið starfslokasamningar um leið og færi gefst, t.d. vegna 95 ára reglunnar.